

Námskrá fyrir 5. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í
Aðalnámskrá grunnskóla

Íslenska

Meginmarkmið

- Að nemendur nái góðum tókum á lestri og geti lesið sér til gagns og ánægju
- að þroska máltilfinningu nemenda
- auka orðaforða nemenda og þekkingu þeirra á málinu
- að nemendur þjálfist í að hlusta á aðra og geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar bæði munnlega og skriflega á skýran og skipulegan hátt.

Námsmat

Námsmat byggist á sjálfsmati, símati og lokamati. Kennarar fylgjast með og fara yfir vinnu nemenda allan veturinn. Þeir skrá hjá sér niðurstöður um árangur, skil á vinnu og vinnubrögð. Lokamatið er byggt á símati og könnunum.

Lestrarstefna Fossvogsskóla - 5. bekkur

Áherslu í kennslu

Lögð er áhersla á að auka almenna lestrarfærni. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er lesskilningur eflur og unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna að hausti og gerir foreldrum grein fyrir fyrirhugaðri framvindu lestrarnámsins.

Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna með því að hvetja þau til að lesa að lágmarki 15 mínútur á dag, gefi sér tíma til að ræða innihald textans, útskýra erfið orð og spá fyrir um framvindu sögunnar.

Námsmat

Orðarún

Lesskilningspróf sem umsjónarkennari leggur fyrir tvisvar á vetri.

Hraðlestrarpróf

Allir nemendur taka hraðlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og apríl/maí. Almennt viðmið er 190 – 210 atkvæði á mínútu að vori.

Lestur/bókmenntir/ritun

Markmið

Stefnt er að því að

- þjálfa lestrarfærni nemenda
- örva áhuga nemenda á lestri
- nemendur öðlist færni í að meta og skilja innihald texta og geti gert stutta útdrætti úr sögum og ljóðum
- nemendur þjálfist í að tjá sig í rituðu máli og semji eigin texta, sögur, ljóð o.fl.
- nemendur geti aflað upplýsinga úr rituðum heimildum og sett þær skipulega fram í ræðu og riti
- nemendur venji sig á ganga vel og snyrtilega frá verkefnum.

Námsgögn

Notaðar eru bækurnar *Flökkuskinna* og *Ljóðspor* en auk þeirra ýmsar aðrar bækur, greinar og ljóð sem kennari velur og/eða nemendur sjálfir. Auk þeirra bóka sem að framan eru nefndar er ætlast til að nemendur hafi ávallt bók af bókasafni til yndislestrar bæði heima og í skóla.

Efnisþættir/leiðir

Lestur er undirstaða alls náms. Ætlast er til að nemendur lesi daglega heima og skrifi í sérstakt orðabókarhefti, auk þess að lesa upphátt í skólanum einu sinni í viku. Auk þess er yndislestur flesta daga. Í bókmenntum er lesið upphátt, rætt um ljóð og sögur og unnin verkefni. Ritun samþættist flestum bóklegum greinum. Nemendur skrifa stuttan texta út frá námsefninu og einnig texta þar sem hugmyndaflug þeirra og sköpun fær að njóta sín. Stundum lesa þeir upp eigin ritsmíðar. Verkefnin eru ýmist unnin í vinnubækur eða á tölvutæku formi og er áhersla lögð á vandvirkni og snyrtilegan frágang.

Notuð verða verkefni úr efninu *Orð af orði* sem er verkefni í 4. – 7. bekk. Einkum er unnið með krossglímu, orð dagsins, hugtakakort, ýmis spil og margs konar vinna með einstök orð (orðaskjóður) og orðasambönd.

Einnig verða notuð verkefni úr efninu *Læsi til náms*, þar sem unnið er með lestur og lesskilning.

Málfræði

Markmið

Að nemendur

- auki þekkingu sína á einkennum íslenskrar tungu
- læri einkenni orðflokka og fallbeygingu
- auki orðaforða.

Námsgögn

Málrækt 1, Skræða 1, ásamt ýmsum verkefnum sem kennari velur.

Efnisþættir

Unnið er með stafrófið, rétt mál, rím, andheiti, samheiti og nafnorð, sérnöfn, samnöfn, kyn, tölu, fall og greini. Auk þess er kennt um sagnorð, s.s. nafnhátt, nútíð og þátíð, og lýsingarorð.

Leiðir

Reynt er að skapa umræður um mál og málnotkun. Að loknum umræðum vinna nemendur með efnisþætti ýmist sjálfstætt eða í minni hópum. Notuð verða verkefni úr efninu *Orð af orði* sem er verkefni í 4. – 7. bekk.

Stafsetning

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér stafsetningarreglur og þjálfist í að beita þeim

Námsgögn

Mál til komið, grunnbók, og verkefnabók auk annarra verkefna.

Efnisþættir

Nemendur læra reglur um stóran og lítinn staf, greinarmerki, ng og nk. einfaldan og tvöfaldan samhljóða, n og nn í nafnorðum og lýsingarorðum, reglur um y o. fl.

Leiðir

Stafsetning er þjálfuð samhliða ritunar- og málfræðikennslu. Farið

er í stafsetningarreglur með nemendum og þeir læra að nota réttritunarorðabækur. Lögð er áhersla á að öll skrifleg vinna sé skriftarþjálfun og eru nemendur hvattir til að temja sér snyrtimennsku og vönduð vinnubrögð. Notuð verða verkefni úr efninu *Orð af orði* verkefni í 4. – 7. bekk.

Skrift

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að skrifa skýra og áferðarfallega skrift sem nýtist í allri ritun
- tileinki sér vandaðan frágang.

Námsgögn

Til að þjálfra skrift eru notaðar skrifarbækurnar *Skrift 5* ásamt öðrum verkefnum.

Efnisþættir

Nemendur þjálfist í tengiskrift.

Leiðir

Skrift er þjálfuð samhliða ritunar- og málfræðikennslu. Nemendur skrifa í skrifarbækur en auk þess er gert ráð fyrir að þeir skrifi með tengiskrift í ákveðnar vinnubækur. Lögð er áhersla á að öll skrifleg vinna sé skriftarþjálfun og nemendur hvattir til að temja sér vönduð vinnubrögð.

Stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- nái valdi á reikniaðgerðum samlagningar og frádráttar.
- notfæri sér að samlagning og frádráttur eru andhverfar aðgerðir til að prófa svör í útreikningum
- kunnir margföldunartöfluna upp í 10x10
- nái valdi á dreifireglu í margföldun
- nái valdi á deilingu sem skiptingu og að þeir notfæri sér að margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir til að prófa svör í útreikningum.
- æfist í notkun dreifireglu í deilingu

- öðlist skilning á hugtökum og mælingum rúmfræðinnar
- átti sig á einfaldri notkun óþekktra stærða í stærðfræði
- sýni leikni í hugareikningi með heila tugi, hundruð og þúsund
- þjálfist í þrautalausnum, setji fram lausnleiðir og kynni þær fyrir samnemendum

Námsmat

Námsmat byggist á sjálfsmati, símati þar sem iðni í kennslustundum er lögð til grundvallar ásamt könnunum úr öllum efnisþáttum.

Efnisþættir

- **Heilar tölur** (samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, negatífar tölur).
- **Tölfræði** (töflureiknir, miðgildi, tíðasta gildi).
- **Tugabrot** (talnalína, samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, námundun).
- **Rúmfræði** (form, hyrningar, horn, hliðrun, snúningar og speglun).
- **Mælingar** (rúmmál, lengdir, ummál, flatarmál).
- **Almenn brot** (teljari, nefnari, hluti af heild, reikniaðgerðir, samanburður, prósent).
- **Margföldun og deiling** (töflureiknir, rúðunet).
- **Mynstur** (hliðrun, speglun, snúningur, myndtölur, talnamynstur).
- **Klukkan og tímamælingar** (ólík tímabelti, útreikningar milli tveggja tímasetninga).

Námsefni

Stika 1a og 1b, grunnbækur og valkvætt æfingahefti. Sömuleiðis verkefnablöð úr *Stiku 1a og 1b* ásamt aukaverkefnum. Aukabækur: *Stjörnubækurnar* o.fl.

Leiðir

Nýtt efni er lagt inn og fjallað um það sérstaklega og vinna nemendur verkefni í reikningsbækur sínar í framhaldi af því. Lögð er áhersla á stærðfræðiumræðu þannig að nemendur þjálfist í að greina „vandamál“, prófa leiðir, setja fram tilgátur og finna lausn. Leitast er við að tengja stærðfræði við daglegt líf. Auk þess er lögð áhersla á að nemendur vinni saman við úrlausn verkefna.

Enska

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að skilja einfalt mál, efni af diskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta
- skilji léttu texta af mismunandi gerð, s.s. myndasögur, barnabækur og ævintýri
- geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími og ljóðum
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega og skipulega stutta texta um kunnugleg efni
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

Námsmat

Virgni og ástundun er metin jafnóðum, einnig eru kannanir lagðar fyrir.

Efnisþættir

Bókin *Portfolio* er byggð upp í kringum ákveðna efnisflokka. sem eru: nemandinn sjálfur, tölur, litir, fatnaður, stafrófið, líkamshlutar, fjölskyldan og árstíðir.

Námsefni

Kennsluefnið *Portfolio* sem er lesbók *Speak Out* og vinnubók *Work Out. English is fun*, ítarefni tengt efnisflokkum *Portfolio*. . *Barnaorðabók* Forlagsins notuð í þemaverkefnum. Fjölritað efni s.s. krossgátur og þrautir, léttlestrarbækur ásamt verkefnum úr þeim.

Leiðir

Til að þjálfu skilning og talmál betur fáum við erlenda kennaranema. Einnig er notað hlustunarefni sem hefur að geyma talað mál og söngva. Framburður og leikni eru æfð með hlutverkaleikjum og fyrirspurnum. Ritun og stafsetning er þjálfuð með einföldum skriflegum verkefnum bæði í vinnubók og á

þemablöð . Lesskilningur er æfður allt frá upphafi.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemendur

- þekki heiti næringarefnanna í algengustu fæðutegundum
- geti flett upp í næringartöflum
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna
- hafi þjálfast í einföldum matreiðsluaðferðum
- geti vegið og mælt af nákvæmni
- viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann
- þekki hreinlætiskröfur í eldhúsinu.

Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum.

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinlæti við eldhússtörfni og meðhöndlun matvæla, frágangur að verki loknu, fæðuflokkarnir, næringarefnin og uppruni fæðuefnanna, næringartöflur, mál og vog og að fara eftir uppskriftum, vatn í fæðutegundum og mannslíkamanum og borðsiðir.

Námsefni

Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 5. bekk.

Gott og gagnlegt, vinnubók.

Leiðir

Beitt er sýnikennslu og innlögn. Verkefni eru bæði verkleg og skrifleg. Nemendur vinna yfirleitt tveir og tveir saman. Skrifleg verkefni eru einstaklingsverkefni. Lögð er áhersla á hollt fæði bæði heima og í skólanum. Búnar eru til léttar máltíðir úr eggjum, fiski og unnum kjötvörum og bakað brauð og kökur.

Nemendur framreiða, leggja á borð, vaska upp og ganga frá í eldhúsinu. Hver hópur ber ábyrgð á sínu vinnusvæði. Nemendur sjá um eftirlit í eldhúsinu að kennslustund lokinni.

Íþróttir

Meginmarkmið

- Að efla þol og þrek nemenda og læra rétta líkamsbeitingu
- að efla sjálfstraust og félagsfærni nemenda
- að nemendur læri reglur í hinum ýmsum íþróttagreinum
- að nemendur læri reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og búningsklefa
- að nemendur læri að umgangast líkama sinn af virðingu.

Námsmat

Metin er ástundun, áhugi, hegðun og virkni og reglulega fer fram sjálfsmat.

Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund og fræðist um heilsusamlegt lífferni
- þroski hæfileika sína til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fái aukið sjálfstraust og viljastyrk
- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi.

Efnisþættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – spaðaíþróttir – frjálssar íþróttir – heilsuvernd.

Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- og bandýboltar, golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennispaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilateningar, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett, hljómflutningstæki.

Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

Lífsleikni

Markmið

Að nemendur

- geti fylgt reglum í leik og starfi einir eða með öðrum, fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum eða á stærri samkomum
- læri að beita skapandi og frumlegum vinnubrögðum við úrlausnir verkefna
- dýpki skilning sinn á vináttu
- þjálfist í að leysa togstreitu í vináttu á farsælan hátt
- meti gildi vináttu og sjái ýmsar hliðar þess að eignast vin og eiga vin
- bæti samskipti í frímínútum og efli jákvæða sjálfsmynd sína í samskiptum
- meti gildi notalegra samskipta í skólastofunni bæði við kennara og sín á milli.

Námsgögn

Stuðst verður við hugmyndir úr kennsluefninu: *Spor, Litli kompásinn, Uppeldi til ábyrgðar.*

Efnisþættir

- tilfinningaþroski
- einelti
- samskipti
- peningar og neysla
- samhjálp
- áhættuhegðun
- umhverfið.

Leiðir

Lestur kennslubóka, umræður, verkefna- og hópavinna.

Myndmennt

Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði
- fái aukna möguleika á að kynnst, skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum sem tengjast greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfí gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notuð sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

Efnisþættir

- Málun
- grafík
- leirmótun
- teikning
- bókagerð
- myndbygging.

Námsgögn

Blýantur, pappír, karton, þekjulitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld, og annað sem tilheyrir verkefnum hverju sinni.

Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings- eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur eru hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk sem annarra. Nemendur safna verkefnum sínum í möppu sem þeir fá heim með sér í lok annar.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Markmið

Að nemendur

- skoði nánasta umhverfi sitt og þær lífverur sem þar lifa
- fræðist um þann gróður og dýralíf sem þrífst í ólíku jarðlendi
- geri sér grein fyrir áhrifum árstíðanna á lífríkið
- kynnist lifandi verum sem lifa í nánasta umhverfi

Eðlisvísindi

Markmið

Að nemendur

- fræðist um bylgjur og rafmagn
- geri tilraunir með segla, spegla, ljós, linsur, ljósbrot, áttavita o.fl.
- fræðist um sól, jörð og tungl og samspil þeirra þátta við veðurfar á jörðu

Jarðvísindi

Markmið

Að nemendur

- átti sig á fjölbreytileika í náttúrunni
- skoði lífríki í nánasta umhverfi
- fræðist um jarðfræði Íslands
- fari vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum.

Námsmat

Vinnubók nemenda, samvinna og virkni í hópavinnu er metin jafnóðum ásamt sérstökum könnunum. Lögð er mikil áhersla á vönduð vinnubrögð og nána samvinnu við úrlausnir verkefna.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Náttúran allan ársins hring*, *Lífríkið á landi*, *Auðvitað - Á ferð og flugi --*. Stuðst er við annað efni s.s. *Tré*, *Ég greini tré*, *Refir*, *Villtu spendýrin okkar*, *Fuglarnir okkar* og *Græðlingurinn* ásamt efni af Veraldarvefnum og annað efni sem tengist umhverfi og umhverfismálum.

Efnisþættir

Flokkun þess sem finnst í ríki náttúrunnar.

Leiðir

Nemendur vinna eigin vinnubók, temja sér gagnrýna hugsun og nákvæm vinnubrögð. Kennslan fer fram m.a í formi fyrirlestra, umræðna, vettvangsferða, athugana og tilrauna, bæði innan og utan dyra. Nánasta umhverfi skólans er skoðað og tengt við efnisþætti. Sum verkefni eru unnin í lotum, einstaklings – og hópavinna.

Umhverfismennt

Markmið

Að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, njóti hennar og umgangist náttúruna á jákvæðan hátt
- skilji að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengni hans við náttúruna.

Efnisþættir

Sorplokkun og endurvinnsla, hreinsun á nánasta umhverfi og nýting umhverfisins til upplýsingaöflunar.

Leiðir

Flokkun á pappír og lífrænum úrgangi, hreinsun skólalóðar og útikennsla.

Samfélagsfræði

Íslandssaga

Markmið

Stefnt er að því að

- nemendur geri sér grein fyrir hvers vegna og hvernig Ísland byggðist
- nemendur þekki helstu heimildir um landnámið
- fá nemendur til þess að setja sig í spor landnámsmanna
- efla skilning nemenda á sögulegum arfi sínum.

Námsmat.

Vinnusemi nemenda og vinnubrögð eru metin þar sem vinnubók

liggur til grundvallar og litið til þátta eins og samvinnu, frumkvæðis áhuga og vandvirkni. Lokakönnun úr efninu.

Námsgögn

Kennslubókin *Vikingaöld* en einnig stuðst við aðrar bækur s.s., *Leifur Eiríksson- á ferð með Leifi heppna, Landnám Íslands, Frá Róm til Þingvalla og Sögueyjan I*. Notuð ýmis ljósrit og ítarefni um víkinga, landnámsþættir, landakort og myndbönd um landnámið.

Efnisþættir

Tímabilið 874 - 1100, Vestur-Noregur á landnámsöld og lífshættir fólks, fundur Íslands, húsakostur, skip, siglingar, upphaf Íslandsbyggðar, ásatrú, þjóðskipulag, þing o.fl.

Saga Evrópu frá Rómverjum og upphafi kristni fram til víkingaaldar og saga Íslands frá landnámi fram yfir kristnitöku.

Leiðir

Notuð er kennslubókin *Vikingaöldin, Árin 850-1000* og valdir kaflar úr öðrum námsbókum. Umræður fara fram í skóla þar sem leitast er við að nýta þá þekkingu og reynslu sem nemendur búa yfir. Þeir setja sig í spor þeirra sem þurfa að yfirgefa landið sitt og gerast landnemar. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir hvað nauðsynlegt er að hafa með til nýja landsins og velta fyrir sér hvaða landkostir þurfa að vera þar sem þeir ætla að setjast að. Inn í kennsluna fléttast móðurmál svo sem ritun, hlustun, framsögn og ýmiss konar tjáning. Nemendur útbúa vinnubók sem í fara margs konar verkefni. Farið verður í heimsóknir söfn, t.d. Þjóðminjasafnið, Landnámssýninguna í Aðalstræti o.fl.

Landafræði

Markmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á meginatriðum almennrar landafræði
- öðlist skilning á landfræðilegum hugtökum
- þjálfist í að lesa landakort og þær myndrænu upplýsingar sem þau hafa að geyma
- fræðist um eigið land.

Námsmat

Vinna nemenda og virkni er metin og könnun lögð fyrir.

Námsgögn

Kennslubókin *Ísland – veröld til að njóta* ásamt tilheyrandi verkefnabók, og *Ísland landið okkar*. Að auki er stuðst við kortabækur og fræðslumyndbönd.

Efnisþættir

Fjallað er um kort og kortalestur, jörðina, innviði hennar og aldur, jarðsögu Íslands, rof, breytingar á umhverfi, náttúruvernd, auðlindir, einstaka landshluta og ferðalög.

Leiðir

Kennslan fer fram með innlögnum og umræðum. Samhliða því er námsbókin lesin og unnin vinnubók sem og einstaklings- og hópverkefni.

Sund

Markmið

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan við hvaða sundstig hver og einn er að taka. Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og réttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnst ýmsum leikjum í vatni og læra með leik. Kennsla fer fram í 25 m laug. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið

Námsmarkmið

Að nemendur

- viðhaldi og bæti útfærslu hreyfinga í bringusundi, baksundi, skriðsundi og skólabaksundi ásamt fótatökum í flugsundi og betri tækni í kafsundi.
- nái grunntækni í að troða marvaða og í björgunarsundi
- þjálfist í samvinnu, sýna tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

Hæfniviðmið

- 100 metra viðstöðulaust bringusund
- 25 metra skólabaksund
- 25 metra skriðsund
- 12 metra baksund

- troða marvaða í 30 sekúndur
- stunga
- flugsundsfótatök með fitum
- 12 metra björgunarsund
- kafa eftir hlut á 2 metra dýpi eftir 5 metra sund.

Námsmat

Það sem metið er:

- hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

Textílmennt

Markmið

Stefnt er að því að

- vekja áhuga og skilning nemenda á handverki og verkmenningu
- örva sköpunargleði og vekja forvitni á greininni og möguleikum hennar til sköpunar
- nemendur þjálfist í að vinna með eigið hugmyndaflug og þroska persónulegan tjáningarmáta
- örva sjálfstæði nemenda í lita- og efnisvali
- nemendur þjálfist í að nota hugtök og heiti textílgreinarinnar
- nemendur geti þrjónað, fellt af og gengið frá eigin þrjónaverkefni
- nemendur læri á saumavél og geti nýtt sér hana við vinnu
- nemendur læri einfalt hekl
- nemendur geri sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut
- nemendur geti unnið eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Metin er geta og kunnátta nemenda. Ástundun, áhugi, vandvirkni og framfarir er metið.

Efnisþættir

- Mynsturjerð
- tauprykk
- vélsaumur
- útsaumur
- prjón
- hekl
- þæfing.

Námöggn

Garn, prjónar, nálar, tölur, saumavélar, ull, efni, áhöld fyrir tauprykk, þæfingu og fleira sem tilheyrir greininni.

Leiðir

Einstaklingskennsla, hópkenndsla og verkleg vinna eftir því sem við á hverju sinni.

Trúarbragðafræði

Markmið

Að nemendur

- þekki sögu trúarbragða heims
- kynnist helstu helgiritum, siðum og hátíðum
- kynnist islam
- kynnist gyðingdómi.

Námsmat

Vinna nemenda er metin svo og áhugi þeirra og þátttaka í umræðum. Lokakönnun úr efninu á hvorri önn.

Námöggn

Kennslubækurnar *Gyðingdómur* og *Islam - að lúta vilja guðs. Ásatrú* í tengslum við landnámið, einnig ítarefni s.s. *Maðurinn og trúin*.

Efnisþættir

Upphaf trúarinnar, fyrirheitna landið, helgirit, helgistaðir, samkunduhúsið og merkisdagar ársins, saga Múhameðs, venjur,

hátiðir og helgisiðir í islam.

Leiðir

Námið byggist á lestri bókanna og umræðum um efni þeirra. Verkefni unnin á ýmsan hátt.

Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér þær öryggisreglur er gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota verkfæri smíðastofunnar og tileinka sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf
- hvattir til umhugsunar um umhverfi sitt og styrktir í að móta eigin hugmyndir í efni
- kynnist bókbandi og geri sér skissubók fyrir hugmyndavinnu í tæknimennt sem þau nota síðan næstu þrjú árin
- læra að vinna blautan, ferskan við og að nota læst hnífsbragð við tálgun
- geri sér grein fyrir að samhengi er á milli góðrar umgengni og öryggisþátta
- fara í skógarferð og sækja sér efni í skóginn og fá innsýn í skógarvistfræði
- teikna eigin hugmyndir að smíðisgripum sínum og útfæra í heppilegt efni. Áhersla lögð á að gripirnir séu málaðir og skreyttir.

Áhersla á frumkvæði og sköpun, að nemendur leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum, læri að nota ólík efni og áhöld og vinni sjálfstætt.

Námsgögn og leiðir

Unnið er með ólík efni í nokkrum verkefnum þar sem reynir á mismunandi þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Dæmi um verkefni: smíði og hönnun leikfanga og nytjahluta úr blautum, ferskum við.

Námsmat

Símat felur í sér að kennari metur tvisvar á önn fjóra þætti í verklagi nemanda

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Lokaafurð metin sem felur í sér að kennari metur verkefni nemandans með því að spjalla við hann um fyrrgreind atrið og með því að leggja mat á vinnuskýrslur hans í sambandi við verkefni annarinnar. Í vinnuskýrslum vetrarins metur nemandinn sjálfur þau atriði sem talin eru upp hér að ofan, skilar inn teikningu og verklýsingu af verkefnum annarinnar og metur endanlega niðurstöðu/útkomu þeirra.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi

Meginmarkmið í 5.-7. bekk

- að gera nemendur eins vel læsa í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar
- að líta á upplýsinga – og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða –greinar.

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Lagt er mat á vinnu og áhuga nemanda í kennslustund. Umsögn er gefin um stöðu hans og hæfni til að ná settum markmiðum innan námsgreinarinnar.

Tæknilæsi

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu við ritvinnslu

- vinni með uppsetningu og myndskreytingu texta, lyklaborð/flýtilykla
- þjálfist í notkun ritvinnsluforritsins *Word*, og glæruforritsins *Power Point*, *Paint* o.fl. forritum
- kynnist vinnu við spjaldtölur t.d. Book Creator og Puppet pals
- kunnir að vista skjöl og ná í skjöl
- geti skrifað texta í ritvinnslu og sett inn myndir.
- kynnist kennsluforritum
- læri að nýta sér upplýsingatækni og tölvunotkun á gagnlegan hátt þ.m.t. leitarvélar
- geti aflað heimilda, flokkað og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf, skráð og varðveitt
- þjálfist í að nota pósthforrit og senda skjöl sem viðhengi.

Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri/bókasafni og skólastofu. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Upplýsinga- og menningarläsi

Markmið

Að nemendur

- noti skólasafnið reglulega
- geri sér grein fyrir safnkosti safnsins
- geri sér grein fyrir mun á skáldritum og fræðiritum
- átti sig uppröðun íslenskra og erlendra skáldrita
- þekki ýmsar greinar bókmennta
- temji sér að nota stafrófið við bókaleit á safni
- þekki nokkuð vel til helstu íslenskra og erlendra barnabókahöfunda og verka þeirra
- geti leitað að fræðsluefni á skólasafninu eftir flokkunarkerfi safnsins (Dewey)
- þjálfist í að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum og fræðibókum
- þekki helstu leitarmöguleika á Netinu
- þjálfist í að finna lykilorð í texta
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum

- geti unnið að verkefnum úr fræðibókum og lesið einföld kort, gröf og töflur
- geti leitað heimilda í bókum og Neti og unnið úr þeim á skipulegan hátt; það felur í sér að nemandi geti
- geti mótað spurningar út frá efni
- geti nálgast þau gögn sem þarf að nota
- geti aflað heimilda, flokkað, greint og varðveitt heimildir á skipulegan hátt
- geti metið upplýsingar með tilliti til áreiðanleika þeirra
- geti unnið úr upplýsingum og raðað saman efni þannig að efni myndi eina heild
- geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum og skilað á þeim miðlum sem henta
- geti skráð heimildir
- viti hvað hugtakið höfundaréttur merkir
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni og tilfallandi upptökum.

Leiðir

Nemendur vinna safnverkefni á bókasafni og nýta sér safnkost safnsins, bæði til yndislestrar og upplýsingaleitar við verkefnavinnu. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins. Nemendur gerast **Rithöfundar** á bókasafni.

Útikennsla

Markmið

Að nemendur

- kynnist því að nám fer víðar fram en í skólastofunni
- þekki vel sitt nánasta umhverfi og hvaða möguleika það hefur upp á að bjóða
- virði náttúruna og tengi hana við annað nám
- efli þekkingu sína og samvinnuhæfni
- læri að afla gagna á vettvangi og vinna úr þeim
- tengi bóklegt nám og þemavinnu við grenndarsamfélagið
- kynnist söfnum, vinnustöðum og stofnunum
- auki líkamlegt þol og þrek.

Efnisþættir

Heimsóknir á söfn og vettvangsferðir í skólaumhverfinu. Unnið er með nærumhverfið, s.s. hreinsun gróðurbeða, sorphirða o.fl.

Leiðir

Útikennsla snertir flestar námsgreinar og er nýtt til að færa skólastarfið út fyrir skólastofuna.